

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

3

7. jan.

12. gr.

Arði af veiði hvorrar ár, Hrutafjarðarár og Síkár, skal skipt niður á félagsmenn eftir arðskrá, sem samþykktar eru af málsaðilum (veiðieigendum) hvorrar ár á aðalfundi og undirritaðar af a. m. k. $\frac{2}{3}$ rétttra hlutaðeigenda. Gilda þær til 5 ára. Er þeim, sem telur sig vanhaldinn um skiptingu arðs, heimilt að krefjast mats, samkv. 65. og 84. gr. laga nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði. Náist ekki samkomulag um nýjar arðskrár að 5 árum liðnum, gilda gömlu arðskrárnar áfram. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

13. gr.

Brot á samþykkt þessari varða refsingu samkv. lögum nr. 112 frá 1941.

14. gr.

Samþykktinni má breyta, ef $\frac{2}{3}$ mættra félagsmanna eru breytingunni samþykkir, og hafi hennar verið getið í fundarboði.

15. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það.

Samþykkt þessi, sem gerð er samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 7. janúar 1953.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir menntaskóla, nr. 175 27. september 1951.

4

8. jan.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 44. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til þess að nemandi standist árspróf 1. bekkjar, má fullnaðareinkunn hans ekki vera lægri en 5.50, í öðrum bekkjum 5.00.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 58 frá 1946 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 8. janúar 1953.

Björn Ólafsson.

Birgir Thorlacius.